

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn mánudaginn 11. maí kl. 15:15 í fundarsal Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, Reykjavík.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður, Baldur Smári Einarsson, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn og tilgreindi að val á fundarstað væri tilkomið vegna fundar stjórnar BsVest með Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, í Reykjavík, nú fyrr í dag.

1. Fundargerð stjórnarfundar 24. mars 2015

Lögð fram fundargerð frá 24. mars 2015. Fundargerðin hafði áður verið send út í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða

a. Skipan úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að skipan úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða, sem byggir á samþykkt stjórnarfundar 23. febrúar sl. og ákvæðum 7. gr samnings FV og ANR og MMR um sóknaráætlun Vestfjarða, frá 10. febrúar sl.

Farið yfir forsendur fyrir skipan úthlutunarnefndar. Stjórn telur rétt að ítreka að tillagan felur í sér að úthlutunarnefnd taki við hlutverki Menningarráðs Vestfjarða og stjórnar Vaxtarsamnings Vestfjarða. Stjórn Vaxtarsamnings var skipuð af stjórn FV til eins árs og lauk störfum í árslok 2014. Menningarráð Vestfjarða er kjörið á fjórðungspingi og verður ekki lagt niður nema með nýrri samþykkt þingsins.

Formaður bar upp tillögu framkvæmdastjóra. Tillagan samþykkt.

Í úthlutunarnefnd sitja;

Arna Lára Jónsdóttir Ísafirði, Ásgerður Þorleifsdóttir Ísafirði, Emelía Dagný Sveinbjörnsdóttir Ísafirði, Eva Dögg Jóhannesdóttir Tálknafirði, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvík, María Hildur Maack Reykhólum, Peter Weiss Ísafirði, Sigurður Viggósson Patreksfirði og Viðar Guðmundsson Miðhúsum Kollafirði,.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka við efni erindisbréfs og senda á stjórnarmenn til umfjöllunar.

b. Hlutverk og skipan samráðshóps Sóknaráætlunar Vestfjarða

Formaður kynnti tillögu að skipan samráðshóps sóknaráætlunar Vestfjarða sem byggir á ákvæðum 4. gr. samnings FV og ANR og MMR um sóknaráætlun Vestfjarða, frá 10. febrúar sl. Tillagan snýst um að sveitarstjórnir skipi í samráðsvettvang sóknaráætlunar 2-7 fulltrúa innan tilgreindra málaflokka.

Hlutverk samráðshóps er að fjalla um áherslur sem FV og Atvest setja fram í greinargerð um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Stuðst skal við efnisatriði sóknaráætlunar 2013 og 2014 og niðurstöður opinna funda um viðfangsefni sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019, þ.e. fundi sem haldnir voru á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði í janúar sl.

3. Starfsmannamál

Lagt fram bréf starfsmanna FV og BsVest þar sem skorað er á stjórn FV að taka til umfjöllunar starfsmanna og launamál. Bent er á að núverandi starfsemi byggji á sameiningu málaflokka sem voru reknir undir sjálfstæðum stofnunum. Nauðsynlegt sé fyrir FV að marka sér skýra stefnu í launa- og starfsmannamálum í sameinaðri stofnun og þar komi að trúnaðarmaður starfsmanna.

Stjórn gerir ekki athugasemd um skipan trúnaðarmanns starfsmanna. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma með mótaðar tillögur um úrlausn mála og hefur hann heimild til að afla álits sérfræðinga á þeim tillögum.

4. Þjónustusamningur við Atvest

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir framkvæmdastjóra Atvest að breytingu á fjárhagsramma þjónustusamnings. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu að framlengingu þjónustusamning við Atvest á grundvelli núverandi samnings. Beiðni um hækkun framlaga til samningsins verður vísað til 60. Fjórðungspings Vestfirðinga.

5. Ársfundir

a. Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða fyrir árið 2014, var haldinn þann 22. apríl sl. Kynnt ársskýrsla og ársreikningur frá fundinum.

Fyrir fundinn samþykkti stjórn FV, í tölvupósti, skipan Baldurs Smára Einarssonar í fulltrúaráð Fræðslumiðstöðar og staðfestir stjórn skipan hans. Baldur Smári og framkvæmdastjóri sátu fundinn.

b. Háskólaetur Vestfjarða

Lagt fram bréf Háskólaeturs Vestfjarða frá 24. apríl sl. þar sem boðað er til fulltrúaráðsfundar Háskólaeturs Vestfjarða þann 22. maí nk.

c. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Framkvæmdastjóri kynnti að fyrirhugað er að boða aðalfund Atvest í byrjun júní nk., huga þarf að hefðbundnum verkefnum í aðdraganda aðalfundarins.

d. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Kynnt fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 12. apríl sl., á fundinum var kynnt ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2014 og fylgir hún fundargerð.

6. Samgöngumál

Framkvæmdastjóri kynnti að veruleg seinkun sé nú orðin á umfjöllun Skipulagsstofnunar varðandi endurupptöku umhverfismatsvegna lagningar Vestfjarðarvegar nr. 60 um Gufudalssveit eða leið Þ-H (sem liggur að hluta um Teigsskóg). Samgönguáætlun 2015-2018 væri nú að koma til umfjöllunar áAlþingi og því ákaflega brýnt að þar verði hægt að fjalla um framangreinda veglínu til samanburðar við aðrar tillögur sem komið hafa fram. Minna verður á að leið Þ-H er staðfest í aðalskipulagi Reykhólahrepps fyrir árin 2006-2018.

Formaður gerði tillögu að eftirfarandi bókun;

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum yfir þeirri seinkun sem orðin er á meðferð máls er varðar endurupptöku eldra umhverfismats Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit. Stjórn FV bendir á að umfjöllun um Samgönguáætlun 2015-2018 sé nú að hefjast. Það væri óásættanleg ef sú staða kæmi upp, að vegna tafa á umfjöllun Skipulagsstofnunar, verði ekki hægt að setja fram tillögur um vegaframkvæmdir á þessu svæði. Stjórn FV krefst þess að staðið verði við tímafresti í meðferð málsins og skorar á innanríkisráðherra og umhverfisráðherra að stofnanir sem um þetta mál fjalla hafi það í algjörum forgangi.

Greinargerð:

Á fundi Samgöngunefndar FV þann 3. mars kynnti vegamálastjóri stöðu starfs óformlegs starfshóps innanríkisráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis með aðild Vegagerðar og Skipulagsstofnunar.

Starfshópurinn var settur á laggirnar í framhaldi af ákvörðun Skipulagsstofnunar að hafna tillögu Vegagerðar að leið Þ-H og H og I (að hluta) yrðu settar í nýtt umhverfismat. Niðurstaða starfshóps var að Vegagerðin myndi óska eftir endurupptöku eldra umhverfismats frá árinu 2005 á grundvelli nýrra gagna í málinu.

Beiðni um endurupptöku umhverfismats var kynnt af hálfu Vegagerðarinnar þann 21. janúar sl. og frestur gefinn til 23. febrúar sl. að skila inn athugasemdum við þá beiðni. Vegagerðin skilaði umsögn til Skipulagsstofnunar eftir miðjan mars sl. um þær athugasemdir sem bárust. Miðað var við að Skipulagsstofnun hefði fjórar vikur til að svara erindi Vegagerðarinnar, en nú eru liðnar hátt í átta vikur.

Tillagan samþykkt.

7. Umsagnir

a. Umsagnir til Alþingis

Lagðar fram umsagnir til Alþingis. Þær hafa áður verið kynntar í tölvupósti en óskast nú staðfestar.

Frumvarp til laga um veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018), 692. mál, 144. löggjafarþing.
Fjórðungssamband Vestfirðinga vekur athygli atvinnuveganefndar Alþingis á ályktun 59. Fjórðungssþings, varðandi veiðileyfagjald á makríl. Fjórðungssamband Vestfirðinga styður að öðru leyti markmið frumvarpsins um að setja á veiðigjöld, en að því skilyrði uppfylltu, að við álagningu veiðigjalda verði að fullu tekið tilliti til mismunandi aðstæðna í veiðum og vinnslu eftir fisktegundum og landshlutum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að veiðigjöldum eigi að ráðstafa til þeirra landssvæða sem eru hvað mest efnahagslega háð sjávarútvegi. Þar verði fjármagni m.a. beint til að auka fjölbreytni atvinnulífs og bendir FV á sóknaráætlanir landshluta sem tæki í þeim efnum.

Frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál, 144. löggjafarþing.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um efni frumvarpsins og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggst því gegn samþykkt frumvarpsins enda gengur það freklega gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga.

Hins vegar tekur Fjórðungssamband Vestfirðinga undir þau sjónarmið er varða mikilvægi verndunar byggðaheilda og byggingararfs. Bent er á að vinna má að þeim þáttum innan ramma núverandi skipulagslaga eins og rakið er í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, en til þess þarf einnig aukið fjármagn af hálfu ríkisins.

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016, 689. mál, 144. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður í meginatriðum efni þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Skipulagsstofnun hafði víðtækt samráð við mótun landsskipulagsstefnu og verður að telja að sátt sé um meginstefnu hennar þó ágreiningur geti verið um einstök mál. Þau mál fá áframhaldandi umræðu við reglulega endurskoðun landsskipulagsstefnu samkvæmt ákvæðum Skipulagslaga.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur sérstaka áherslu á, að með samþykkt landsskipulagsstefnu lýsir Alþingi vilja sínum um skipulag haf- og strandsvæða. Þetta á ekki síst við þau landsvæði þar sem heimilt er að stunda eldi laxfiska í sjó s.s. á Vestfjörðum. Umfjöllun landsskipulagsstefnu um málefni hafs og stranda er þó takmörkuð og oft er vísað til að í undirbúningi sé lagasetning um haf- og strandsvæðaskipulag. Vekja þarf athygli á að löggin eru ekki komin fram eins og áætlað var þegar vinna að landsskipulagsstefnu var hafin á síðasta ári. Telja verður að stefna stjórnvalda verði ekki að fullu marktæk fyrr en með nýjum lögum, auk samþykkrar landsskipulagsstefnu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur því atvinnuveganefnd Alþingis að fá fram skýr svör umhverfis- og auðlindaráðherra, um tímasetningu á framlagningu frumvarps til laga um haf- og strandsvæðaskipulag.

Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (full niðurgreiðsla vegna flutnings og dreifingar), 698. mál, 144 löggjafarþing.

Stjórn FV vísar til ályktunar 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga um orkumál á Vestfjörðum og telur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að frumvarpið svari í meginatriðum ályktun 59. Fjórðungsþings. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður því efni frumvarpsins og fagnar þeim áfanga sem næst hér í jöfnun búsetuskilyrða. Ánægjulegt er að samfella hefur verið í starfi núverandi og fyrrverandi ríkisstjórnar um að finna lausn í þessu máli, en ákveðin vatnaskil urðu á fundi ríkisstjórnar með sveitarfélögum á Vestfjörðum á Ísafirði þann 5. apríl 2011.

Einna mikilvægust er sú breyting að staðfest er 2. gr. frumvarpsins sú skylda ríkisins að niðurgreiða húshitun án þess að settur sé fyrirvari um ákveðið svigrúm við afgreiðslu fjárlaga. Núverandi fyrirkomulag hefur ítrekað leitt til núnings á milli ríkis og sveitarfélaga við afgreiðslu fjárlaga og dregið úr tiltrú íbúa um vilja stjórnvalda í þessum efnunum.

Önnur atriði.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að í framhaldinu verði að taka til skoðunar jöfnun húshitunarkostnaðar og dreifingu raforku fyrir opinberar stofnanir og atvinnulíf á þessum skilgreindu „köldu“ svæðum. Fyrir sveitarfélög má til dæmis nefna rekstur sundlauga og íþróttahúsa, en þar hefur orkukostnaður hækkað mjög eftir því sem dregið hefur úr framboði á umframorku. Horft til einkareksturs hafa m.a. ferðapjónustufyrirtæki bent á að hár orkukostnaður hamlar uppbyggingu á nýjum áfangastöðum ekki síst ef stefnt er að lengingu ferðamannatímans.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, telur mikilvægt að fylgst verði náið með þróun orkuverðs á þessum skilgreindu „köldu“ svæðum. Ekki má koma upp sú staða að orkufyrirtæki hækki orkuverð í skjóli hækkunar niðurgreiðslu og íbúar standi að einhverjum árum liðnum jafn settir og fyrir breytingu laganna. Lagt er til að Orkustofnun eða Byggðastofnun skili árlegri skýrslu um þróun orkuverðs í samþili niðurgreiðslna. Skýrslunni verði skilað til Alþingis og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

Formaður gerði tillögu um að framangreindar umsagnir verði staðfestar. Tillagan samþykkt.

b. Umsögn til Ferðamálastofu

Lögð fram umsögn FV til Ferðamálastofu varðandi niðurstöður umræðufunda Ferðamálastofu um breytingu tilhögun á fyrirkomulagi við samningsgerð vegna svæðisbundins samstarfs ferðamála. Umsögnin var kynnt í tölvupósti til stjórnar. Formaður gerði tillögu um að umsögn verði staðfest. Umsögn staðfest.

8. Önnur mál.

a. 60. Fjórðungsping Vestfirðinga.

Framkvæmdastjóra var falið af stjórn að kanna með mögulega staðsetningu 60. Fjórðungspings.

Formaður lagði fram tillögu.

60. Fjórðungsping Vestfirðinga verði haldið 2. og 3. október á Patreksfirði. Málafni þingsins verði ákveðin síðar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja endurskoðun á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga með það í huga að tryggja aðkomu allra aðildarsveitarfélaga í stjórn sambandsins.

Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.